

Mánudaginn 31. marz 1930.

Nr. 112/1929. **Bæjargjaldkeri Reykjavíkur, f. h.**
bæjarsjóðs gegn

det Bergenske Dampskibsselskab.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi mætti og óskaði málið yrði hafið. Stefndi mætti og krafðist ómaksbóta.

M á l i ě h a f i ě:

Áfrýjandi greiði stefnda 50 kr. í ómaksbætur
að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. apríl 1930.

Nr. 123/1929.

Valdstjórnin (Guðm. Ólafsson)
gegn

Tómasi Jónssyni (Jón Ásbjörnsson).

Brot g. l. 10. nóv. 1913 um forðagæzlu.

Dómur lögregluréttar Skagafjarðarsýslu 6. júní 1929: Kærður, Tómas Jónsson, sæti 200 kr. sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 15 daga einföldu fangelsi verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Svo greiði hann allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Enda þó að vitnaskýrslur í máli þessu hafi eigi verið eiðfestar og séu að sumu leyti nokkuð óákveðnar, þá verður það þó að teljast sannað með lýsingu kærða sjálfs á útliti og aðbúð nautgripa hans í sam-

bandi við skýrslur manna, sem staðfestar hafa verið fyrir rétti, þar á meðal skýrslu forðagæzlumanns Seiluhrepps, að kærði hafi vanfóðrað og vanhirt sérstaklega eina kú sína, svo að við lög varði.

Þetta brot kærða heyrir undir 2. mgr. 11. gr. laga nr. 44/1913 og þykir refsing hans, sem áður hefir verið sektaður fyrir illa meðferð á hrossi, samkv. 12. gr. nefndra laga eftir atvikum hæfilega ákveðin 100 kr. sekt, er renni í sveitarsjóð Seiluhrepps og afplánist með 10 daga einföldu fangelsi, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Um málskostnað í héraði skal lögregluréttardóminum óraskað, enda greiði kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, meðal annars sóknar- og varnarlaun í hæstarétti, og eru þau ákveðin 50 kr., hvor um sig.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Tómas Jónsson, greiði í sveitarsjóð Seiluhrepps 100 kr. sekt, er afplánist með 10 daga einföldu fangelsi, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Um málskostnað í héraði skal lögregluréttardóminum óraskað.

Loks greiði kærði áfrýjunarkostnað, þar með talin sóknar- og varnarlaun málflutningsmannanna Guðmundar Ólafssonar og Jóns Ásbjörns-sonar, 50 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað gegn Tómasi Jónssyni búanda á Elvogum í Seiluhreppi, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 34. frá

3. maí 1915, um dýraverndun og eru málavextir, er nú skal greina:

Hinn 13. apríl síðastliðinn afhenti hreppstjórinn í Seiluhreppi hingað á sýsluskrifstofuna tilkynningu frá forðagæzlumanni Seiluhrepps, dags. 11. s. m., um það, að nautgripir kærða væru í slæmu ásigkomulagi. Útnefndi sýslumaðurinn þá sama dag forðagæzlumanninn Sigurð Sigurjónsson í Geldingaholti ásamt öðrum þar til hæfum manni, Birni Gíslasyni á Halldórsstöðum, til þess að skoða og lýsa ástandi nautgripanna, sem eru svört eða svarthryggjött kýr, rauð kvíga og rauðskjöldött kýr. Framkvæmdu þeir skoðunina á kúnum og öðrum skepn-um kærða, er til náðist, þann 18. apríl síðastliðinn.

Vegna heimilisástæðna kærða og bústýru hans, sem ól tvíbura um þessar mundir og ásamt kærða var ein fullorðinna manna á heimili þeirra ásamt 4 smábörnum, reyndist ekki auðið að halda rannsókn málsins áfram fyr en 11. maí, en þá voru framangreindir nautgripir kærða skoðaðir á ný og skýrslur um ástand þeirra teknar í lögregluréttinum. Lauk rannsókn málsins 24. f. m., en kærða hefir verið veittur varnar-frestur síðan og þar til málið var lagt í dóm í gær.

Nefndur forðagæzlumaður hefir í álitsgjörð sinni, sem hann hefir undir eiðstilboð staðfest í lögregluréttinum, lýst ástandi framangreindra nautgripa svo, að rauðskjöldotta kýrin væri sármögur og vanfóðruð þ. 18. apríl og þurfti mikla matar-gjöf og gott fóður til þess að komast vel lífs af. — Svarta kýrin var ekki stórskemmd af vanfóðrun og rauða kvígan mögur og vanfóðruð, samanborið við nautgripí annarsstaðar. 11. maí, er forðagæzlumaðurinn aftur skoðaði kýrnar, lýsti hann á-standi þeirra svo í lögregluréttinum, að rauðskjöldotta kýrin hafi braggast síðan hann skoðaði hana 18. apríl og sé nú lifvænlegri en hún var þá, þó sé hún enn skriðhoruð, enda hafi hún verið að dauða komin 18. apríl, fyrir megurðar sakir. Hún sé skálduð á lærum og fram á siður og ástand hennar mjög ilt, og er það eindregið álit hans, að þetta sé fyrir van-fóðrunar sakir. Getur vitnið þess, að kærður hafi sagt því, að megurð kýrinnar stafaði af veikindum í henni, en vitnið hafi engin deili séð á því, að kýrin hafi verið haldin af nokkurri sýki.

Um hinar tvær kýrnar lætur vitnið þess getið, að sér virðist þeim fremur hafa hrakað síðan 18. apríl. Svarta kýrin sé mjög mögur en rauða kvígan þó miklu verri og tekur vitnið það

fram, að það hafi ekki séð jafn magrar kýr. Húsnæði nautgripanna sé mjög slæmt. Skýrslu þessa gaf vitnið í réttinum, — undir eiðstilboð.

Þá hefir Björn L. Jónsson, hreppstjóri á Seilu, sem skoðaði kýrnar 11. f. m., ásamt nefndum forðagæzlumanni og Guðmundi Andræssyni lyfjasveini á Sauðárkróki, sem stundað hefir dýralækningar hér í sýslu, lýst ástandi kúnna á sömu lund og forðagæzlumaðurinn. Vitnið, Guðmundur Andræsson, ber þá og undir eiðstilboð, að það hafi aldrei séð skepnur ver útleiknar af hor og vanfóðrun en umræddar kýr, og álití það, að rauðskjöldóttu kýrin sé að dauða komin af hor. Segist vitnið hiklaust fullyrða, að ekki sé sjáanlegt, að nokkur sýki sé í gripunum. Vitnið álitur fjósið mjög vont og ófullkomið. En annars er skýrsla þessa vitnis samhljóða skýrslu vitnisins, Sigurðar Sigurjónssonar, um þau atriði, er þeir gátu báðir borið um. — Framanefndur Björn Gíslason hefir ekki staðfest skýrslu sína fyrir rétti, með því hann var farinn burt úr umdæminu áður en réttarprófin hófust.

Kærður hefir viðurkennt, að rauðskjöldóttu kýrin væri horuð og allar kýrnar holdþunnar, eins og hann kemst að orði. Hann hefir haldið því fram, að rauðskjöldóttu kúna hafi skáldað, eins og lýst er, af vosbúð og óþrifum. Þá hefir hann haldið því fram, að horinn á síðastgreindri kú, stafi af veikni — skitupest —, er hún hafi fengið á góu í vetur. Hann hefir mótmælt því, að nokkur kýrin hafi verið að dauða komin eftir því sem hann beri skyn á. Að öðru leyti hefir hann viðurkennt í réttinum, að framburður framangreindra vitna sé réttur. — Kærður hefir haldið því fram, að hann hafi fódrað rauðskjöldóttu kúna á töðu, en taðan hafi verið vont rusl — en þar að auki kveðst hann hafa veitt henni matargjöf. Hinum kúnum hafi hann aðeins gefið útthey, en svörtu kúnni þar að auki fódurbæti frá því að hún bar á þorranum.

Það er upplýst, að 24. maí, er kýrnar voru enn skoðaðar af hreppstjóranum, Birni L. Jónssyni, þá var rauðskjöldóttu kýrin farin að braggast að mun, en hinar höfðu litlum framförum tekið. Er því sennilegt, að kærður hafi gefið rauðskjöldóttu kúnni mat eða bætt fóður hennar frá því sem var, er skoðunin fór fram 11. maí, og ef til vill byrjað að bæta fóður hennar nokkru fyr. Annars hefir ekki reynzt audið að afla upplýsinga um það, hvernig kærður hefir hagað fóðrun umræddra gripa, þar sem hann er einn til frásagnar um það. Þó

verður að álita það upplýst með réttarprófunum, að hann hafi ekki brostið heyfóður að vöxtunum til, en hinsvegar hefir það verið ákaflega rýrt og ófullnægjandi að gæðum, enda er það viðurkennt af kærða sjálfum, að svo hafi verið. Annars er framburður hans um matargjöfina ósennilegur og tortryggilegur.

Kærður hefir lagt fram ásamt vörn sinni vottorð tveggja utansveitarmanna, dags. 4. þ. m., sem lýsa því yfir að svarta kýrin hafi 4. þ. m. verið í góðu ásigkomulagi, »eftir því ástandi, sem hún var í síðastliðið haust, og þegar tekið er tillit til mögulegleika með fóðrun hennar í vetur«. Nú er það sennilegt, að þessi kýr, sem reyndist í besta standi af umræddum kúm kærða, hafi braggast að miklum mun síðan hún komst á grös, — síðan hún var skoðuð síðast —. Að öðru leyti ber vottorð þetta það sjálft með sér, að ekkert er upp úr því leggjandi.

Eins og prófin bera með sér hefir kærður, að boði lögreglustjóra, verið undir eftirliti hreppstjóra og forðagæzlumanns um fóðrun og meðferð nefndra gripa síðan rannsókn þessi hófst.

Með framangreindum vitnisburðum og skýrslum og eigin játningu kærða, er það að réttarins áliti næglega upplýst í máli þessu, að kærður hefir gjört sig sekan um illa meðferð á umræddum kúm sínum, með vanfóðrun á þeim og vanhírðu hvað þrif og húsnaði snertir. Þykir þetta athæfi hans því vita-verðara, sem hér er að ræða um skepnur, sem meiri hluta ársins eru á húsi og fastri gjöf og menn hafa daglega fyrir augum sér og geta því ávallt gefið gaum að ástandi þeirra. Þá er einnig á það að lita og alkunna er, að nægilegar heybirgðir voru hjá almenningi hér í umdæminu á síðastliðnum vetri og virðist því hafa verið vel kleyft fyrir kærða að útvega sér nothæft fóður fyrir skepnur sínar, ef hann hefði hirt um það.

Kærður hefir að réttarins áliti gjörzt brotlegur gegn ákvæðum laga um dýraverndun, nr. 34 frá 3. nóv. 1915, 1. og 2. gr.

Kærður, sem löngu er kominn yfir lögaldur sakamanna var í lögreglurétti Skagafjarðarsýslu 6. jan. 1927 sektaður um 30 krónur fyrir illa meðferð á hrossi, en auk þess hefir hann sætt ákærum og dómum fyrir tiundárvik, sauðapjófnað, skjalafals og hrossapjófnað, svo sem framlagt hegningarvottorð ber með sér.

Refsing sú, sem kærður hefir, samkvæmt ofangreindum

lögum, unnið til fyrir þetta brot sitt, þykir hæfilega ákveðin 200 kr. sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan 30 daga frá lög-birtingu dóms þessa, ella sæti kærður einföldu fangelsi í 15 daga. Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Föstudaginn 4. apríl 1930.

Nr. 65/1929. **Hlutafélagið „Bakki“** (Jón Ásbjörnsson)
gegn

bæjarstjórninni á Siglufirði
(Guðm. Ólafsson).

Útsvarsmál.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 28. jan. 1929: Hin umbeðna lögtaksgjörð skal ná fram að ganga á ábyrgð Siglufjarðarkaupstaðar.

Dómur hæstaréttar.

Úrslit máls þessa velta á því, hvort atvinnurekstur áfrýjanda á Siglufirði árið 1928 hafi verið útsvarsskyldur þar samkv. 8. gr., a-lið í lögum nr. 46, 15. júní 1926. Þessu viðvikjandi er það með nýjum skjölum, er lögð hafa verið fram af nýju í hæstarétti og með flutningi málsins, upplýst það, er hér greinir.

H/f. Bakki, sem er áfrýjandi þessa máls, var stofnað 1926 með heimili og varnarþingi í Reykjavík, til þess að reka sildarútgjörð, sildarverzlun og verzlun með aðrar sjáfarafurðir. Samtímis því að hlutafélagið var stofnað, keypti það sildarstöð á Bakka í Siglufjarðarkaupstað, lóðarréttindi, bryggju, söltunarpláss, frystihús og hús fyrir starfsfólk stöðvarinnar, er allt hefir verið metið rúmar 100 þúsund krónur til fasteignaskatts. Sildarstöð þessa hefir félagið starfrækt öll